

# Frumvarp til laga

um

## sparisjóði.

(Lagt fyrir alþingi 1914).

### 1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið, að taka við fje einstakra manna, geyma það og ávaxta á sem tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrirskipað í lögum þessum.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eður sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

### 2. gr.

Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda stjórnarráði Íslands lög sjóðsins eða reglugerð til staðfestingar og má sjóðurinn eigi taka til starfa fyrir en sliki staðfesting er fengin.

Í lögum eða reglugerð sparisjóðs skulu meðal annars jafnan vera ákvæði um :

- a. trygging sjóðsins: Hvað sje greitt hlutafje eða tryggingarfje, ábyrgð einstakra manna eða fjelaga;
- b. hvernig stjórn sjóðsins skuli vera fyrir komið, hvernig hana skuli kjósa og hvernig starfrækslu sjóðsins skuli vera hagað;
- c. um móttöku sparisjóðsfjár og útborgun á því, vaxtagreiðslu af fje því, er sjóðurinn tekur til geymslu, lán úr sjóðnum, ágóða sjóðsins og varasjóð, endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins;
- d. hvernig lögum sjóðsins eða reglugerð geti orðið breytt svo að löglegt sje.

Sparisjóðir þeir, sem til eru þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fyrir árslok 1915 sækja til stjórnarráðsins um staðfesting á lögum sínum eða reglugerðum. Að því er til slíkra sparisjóða kemur, er stjórnarráðinu heimilt, ef þörf þykir, annaðhvort að veita undanþágu í einstökum greinum frá ákvæðum laga þessara, eða veita hæfilega riflegan frest til að kippa í lag því, sem á það brestur, að fyrir mælum laga þessara sje fullnægt.

3. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er kunna að hafa lagt fram fje til starfrækslu sparisjóða, hvort heldur er stofnfje, hlutafje eða greitt ábyrgðarfje, mega ekki fá hærri arð eður vexti af slíku fje en 6 af hundraði á ári, nema því að eins að varasjóður sparisjóðsins sje að minsta kosti 20% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

4. gr.

Án sjerstakrar lagaheimildar eða leyfis stjórnarráðsins mega engir aðrir en sparisjóðir reka nein sparisjóðsstörf.

5. gr.

Í öllum viðskiftabókum sparisjóða skal vera prentað ágríp af lögum þessum, eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins, svo og einnig lög eða reglugerð sparisjóðsins.

6. gr.

Í stjórn hvers sparisjóðs mega eigi vera færri en 3 menn, og skal einn þeirra vera formaður. Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal jafnan hverjir sjeu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn, og hverjir þeirra geti undirskrifað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sje fyrir sjóðinn gagnvart viðskiftamönnum hans.

Stjórnendur bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum fyrir vitavert hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fje sparisjóðs fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annara, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafist er, og sæti þeir auk þess hegning eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

7. gr.

Stjórnendur sparisjóða og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra.

8. gr.

Um stjórnarkosning skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í lögum hvers sparisjóðs. Þó hefir stjórnarráðið heimild til að setja nánari reglur um stjórnarkosningar, sjeu þar að lütandi ákvæði í lögum sparisjóðsins eigi fullnægjandi.

Hverjir kosnir eru í stjórn sparisjóðs, skal jafnan tafarlaust tilkynna umsjónarmanni sparisjóða.

9. gr.

Við hvern sparisjóð skulu jafnan vera að minsta kosti 2 starfsmenn, fjehirðir og bókarí.

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann, nema 2 af starfsmönnum hans eða stjórnendum sjeu við-

staddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust i bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má fjehirðir veita móttöku greiðslum i sjóðinn, án þess annar starfsmaður sje viðstaddur, en skuldbindandi er kvittun hans því að eins fyrir sjóðinn, að hún sje meðundirrituð af bókara. Sömuleiðis getur fjehirðir greitt fje úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn sjeu eigi viðstaddir, sbr. 6. gr. 1. málsgr.

10. gr.

Hafi fjehirðir sparisjóðs þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, skal hann setja trygging fyrir fje því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar og umsjónarmanns sparisjóða.

11. gr.

Af sparisjóðsinnstæðufje má aldrei greiða neina upphæð, nema því að eins, að viðskiftabókin sje sýnd, og skal upphæðin þá jafnframt skráð i viðskiftabókina.

Innlögum má hinsvegar veita móttöku, þótt viðskiftabók sje eigi sýnd. Skal þá gefin sjerstök kvittun fyrir innlögunum og þess getið i kvittuninni, að hún sje ekki gild lengur en þangað til upphæðin verður rituð i viðskiftabók innstæðueiganda; en það skal gert næst þegar viðskiftabókin er sýnd i sparisjóðnum.

12. gr.

Innstæðueigandi hver skal hafa dálk i bókum sparisjóðsins og skal þar greinilega tilgreind hver sú upphæð, er hann leggur i sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufjenu.

Sjerstaka bók eða bækur skal jafnan halda yfir öll lán úr sjóðnum og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, er sýni hver sje lántakandi, hver trygging sje fyrir láninu, hver upphæð þess sje og hvernig afborgun og vextir sjeu greiddir.

Nákvæma skrá skal einnig halda um allar eigur sparisjóðs, svo sem verðbrjef o. fl., sömuleiðis skrá um alla skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal i bókum sjóðsins vera sjerstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Stjórnarráðið setur reglur um bókfærslu sparisjóða, eftir tillögum umsjónarmanns.

13. gr.

Aldrei má veita lán úr sparisjóði, nema því að eins, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar sje því samþykkur og hafi ákveðið hámark lásupphæðar.

Eigi má samanlögð upphæð vixillána og sjálfskuldarábyrgðarlána, er sparisjóður veitir og trygð eru eingöngu með ábyrgð einstakra manna, nema meiru en helmingi af sparisjóðsinnstæðufjenu öllu, að viðbættu greiddu hlutafje.

Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má eigi veita nema i lengsta lagi til eins árs, og mega þau aldrei eldri verða en 10 ára áður en innheimtu þeirra sje fullkomlega lokið.

Sparisjóðum þeim, er geyma 50000 kr. sparisjóðsinnstæðufje eður meira, er skylt annaðhvort að eiga, auk varasjóðs, (sbr. 16. gr.), innistandandi í bönkum að minsta kosti 5% af innstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, eða að hafa í vörslum sínum rikisskuldabryf, bankavaxtabryf eður önnur jafntrygg verðbryf, er auðvelt sje að koma í peninga, fyrir slikri upphæð. Nú kemur það fyrir, að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

Þegar verðbryf, er sparisjóður kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnkrá bryfinn sem eign sparisjóðs. Verðbryfjaförða sparisjóðs má því að eins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

#### 14. gr.

Án samþykkis stjórnarráðsins mega sparisjóðir ekki taka lán til annars en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart inustæðueigendum. Aldrei má sparisjóður lán taka, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóður skuldabryf sín eða verðbryf til tryggingar slíku lánnum, sem handveð, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan sjeu í vörslum sparisjóðs fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðs einnig ljóslega bera með sjer, hvar bryfin sjeu geymd og hver þau sjeu.

#### 15. gr.

Eigi mega sparisjóðir gefa út handhafaávisanir á sjálfa sig.

#### 16. gr.

Ársarð allan af rekstri hvers sparisjóðs, að kostnaði frádregnum, skal leggja í varasjóð.

Heimilt er þó að verja nokkru af ársarðinum til innlausnar á hlutfje eða til endurborgunar á greiddu ábyrgðarfje, ef eigur sparisjóðs nema meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

Tjón, er sparisjóður kann að biða og ársarður sjóðsins hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má annað þaðan greiða, nema því að eins, að eignir hans nemi að minsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar og umsjónarmanns sparisjóðanna, að verja megi fje úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningsparfir.

#### 17. gr.

Af eignum varasjóðs hvers einstaks sparisjóðs skal jafnan vera svo mikið handbært í peningum, innieign hjá bönkum eður í auðseldum tryggum verðbryfum, að það nemi að minsta kosti 5% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan. Þó gilda um þetta sömu undantekningar og fram eru teknar í 13. gr., 4. málsg.

18. gr.

Reikningsár sparisjóða skal vera frá nýári til nýárs. Arsreikningur hvers sparisjóðs skal vera saminn fyrir marsmánaðarlok.

Stjórnarráðið semur fyrirmynd fyrir reikningum sparisjóða.

19. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera 2 endurskoðunarmenn, er rannsaki allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefi gætur að því, svo oft sem þörf er á, að allt sje í lagi og að ekkert vanti í eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sje að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við reglugerð sparisjóðsins.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Ella sendi þeir umsjónarmanni sparisjóðanna skýrslu um misfellurnar.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóða.

20. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hans hrökkvi eigi fyrir því, og stjórn sparisjóðsins, og ábyrgðarmenn eða aðrir þeir, sem að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fje það, sem auðsætt þykir, að dómi umsjónarmanns sparisjóða, að vanta muni til þess, að sjóðurinn geti staðið í fullum skilum við innstæðueigendur, og setja eigi heldur trygging fyrir því, að slíkt fje skuli vera til taks, þegar á þarf að halda, þá getur stjórnarráðið til bráðabirgða svift sparisjóðinn rjetti til að halda áfram störfum sínum. Skal slík ráðstöfun þegar gerð kunn í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

Skuldheimtumenn sparisjóðsins taka þá ákvörðun um það, hvort sjóðurinn skuli tekinn til gjaldþrotameðferðar eða eigi.

Jafnskjótt og stjórn sparisjóðs verður þess vör, að sparisjóður eigi muni fær um að fullnægja skuldbindingum sínum, skal hún tafarlaust tilkynna það umsjónarmanni sparisjóða og hann síðan stjórnarráðinu.

21. gr.

Ef sparisjóður af einhverjum ástæðum legst niður, og eigi eru í lögum sjóðsins eða reglugerð ákvæði um það, hverníg fara skuli um eigur sjóðsins; þær, er afgangs eru skuldum, getur stjórnarráðið ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn hans, að allt að tveimur þriðjungum af eigum sjóðsins umfram skuldir skuli varið til einhverra ákveðinna nytsemdarfyrirtækja í hjeradi því, er sjóðurinn var stofnaður í. Afgangurinn rennur í landssjóð.

22. gr.

Stjórnarráðið skipar umsjónarmann til að hafa eftirlit með öllum sparisjóðum og starfsemi þeirra. Nefnist hann umsjónarmaður sparisjóða. Árslaun hans eru 1200 krónur, og greiðast þau úr landssjóði. Í fjárlögnum skal veita

hæfilega upphæð til ferðakostnaðar hans og dagpeninga á eftirlitsferðum. Dagpeningar teljast 5 kr. fyrir dag hvern, er hann er tjarverandi frá heimili sínu.

### 23. gr.

Umsjónarmaður sparisjóða hefir, undir yfirumsjón stjórnarráðsins, nákvæmt eftirlit með starfsemi allra sparisjóða á landinu og getur í því skyni krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparisjóðanna, hag þeirra og alt fyrirkomulag. Samrit af ársreikningum allra sparisjóða skal senda honum jafnskjött og reikningarnir eru samdir. Ennfremur athugasemdir endurskoðenda og svör reikningshaldara eður sparisjóðsstjórnar.

Umsjónarmaður semur og sendir stjórnarráðinu á ári hverju skýrslu um alla sparisjóði á landinu og starfsemi þeirra. Ágrip af skýrslu þessari skal birta almenningi á þann hátt, er stjórnarráðinu þykir best henta.

Heimilt er umsjónarmanni sparisjóða með samþykki stjórnarráðsins í einstökum tilfellum að fela öðrum fyrir sína hönd og á sína ábyrgð að reka eftirlit það með sparisjóðum, sem honum er falið samkvæmt lögum þessum. Kostnað við þetta má greiða af ferðakostnaðarfjenu eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins.

Stjórnendum sparisjóða og starfsmönnum er skylt að láta umsjónarmanni og umboðsmanni hans svo og stjórnarráðinu í tje skýrslur þær og upplýsingar um rekstur sparisjóða og hag þeirra, sem nauðsynlegt þykir að krefjast, og getur stjórnarráðið látið beita dagsektum, alt að 5 krónum á dag, ef óhlýðnast er. Sektir skal ákveða með brjefi til hlutaðeigenda. Sektarfjed rennur í landssjóð, og má taka það lögtaki, ef það er ekki greitt í gjalddaga.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef handa umsjónarmanni sparisjóða.

Vanræki umsjónarmaður skyldur sínar getur stjórnarráðið vikið honum frá.

### 24. gr.

Sjerhverjum sparisjóði á landinu er skylt að greiða í landssjóð árgjald, er miða skal við innstæðufje hans við árslok næst á undan. Skal árgjald þetta nema 1 af þúsundi af sparisjóðsinnstæðufjenu og skal greitt fyrir júnimánaðarlok ár hvert.

### 25. gr.

Ef viðskiftabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæðufje, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar sinnum í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fresti hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiftabókina, og ef enginn hefir sagt til sín áður en tjeður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiftabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiftabókin kann að vera afsöluð, geti búíð kröfu á hendur sparisjóði þeim, sem í hlut á.

### 26. gr.

Heimilt er að geyma um stundarsakir fje ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóði þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

27. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í sparisjóð, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið kyrsetning og löghaldi, meðan það stendur þar.

28. gr.

Sparisjóðir þeir, sem engan arð greiða stofnendum sínum, hluthöfum eða ábyrgðarmönnum, eru undanþegnir tekjuskatti og sömuleiðis útsvari, enda sje ekki heimilt, samkvæmt lögum eða reglugerð sparisjóðsins, að verja fje úr varasjóði til annars, en að bæta tjón það, er sjóðurinn kann að biða eða til nytsemdarfyrirtækja í almenningsparfir.

29. gr.

Akvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú eru reknar samkvæmt sjerstökum lögum, svo sem t. d. Söfnunarsjóðs, Landsbankans, Íslandsbanka nje útbúa tjeðra banka.

30. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við.

Sektir allar renna í landssjóð.

Með mál um brot á lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

32. gr.

Tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi er úr lögum numin.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrir alþingi 1913 lagði stjórnin, meðal annara frumvarpa, frumvarp til laga um sparisjóði (Alþ.tíð. 1913, A bls. 233—244). Frumvarpið var fyrst tekið til meðferðar í efri deild. Nefnd, er þar var skipuð í málið, taldi slíkt lagafrumvarp nauðsynlegt, en gerði þó, auk orðabreytinga, nokkrar efnisbreytingar við það, er síðar skal minst á, og var sú merkust, að samarlögð upphæð vixillána og sjálfskuldarábyrgðarlána, sem trygð eru eingöngu með ábyrgð einstakra manna, mættu aldrei nema meiru en helming af sparisjóðsinnstæðufjenu öllu, að viðbættu innborguðu hlutafje, í stað þess að eftir 13. gr. stjórnarfrumvarpsins mátti samarlögð upphæð lána gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna, aldrei nema meiru en þriðjungi af öllu sparisjóðs-

innstæðufjenu. Auk þess vildi meiri hluti nefndarinnar gera þá breytingu, að því er eftirlit með sparisjóðum snertir, að stjórnarráðið gæti falið einstökum mönnum að hafa eftirlit með hag sparisjóðanna á stærri eða minni svæðum, gegn hæfilegri þóknun og ferðakostnaði úr landssjóði, en eftir stjórnarfrumvarpinu átti að skipa einn umsjónarmann með öllum sparisjóðum landsins með föstum árslaunum úr landssjóði, auk ferðakostnaðar og dagpeninga, en hins vegar áttu sparisjóðirnir svo að greiða í landssjóð árgjald, miðað við innstæðufje hans við næstu árslok á undan (22. og 24. gr. frv.); en þessi tillaga meiri hlutans fjell. Þegar málið kom til neðri deildar, skiftist nefnd sú, er þar var sett í málið, í tvent, og var það nú minni hlutinn, er vildi laga eftirlitinu á sama hátt, sem meiri hluti nefndarinnar í efri deild, þ. e. fela það sjerstöku manni við hvern sparisjóð, en meiri hlutinn var sammála stjórninni um að hafa einn eftirlitsmann við alla sparisjóði landsins. Þessi tillaga minni hlutans var þó samþykkt við 2. umræðu málsins og um leið nokkrar aðrar efnisbreytingar, en að lokinni 3. umræðu málsins í neðri deild var frumvarpið í heild sinni felt að nafnakalli viðhöfðu með 12 atkv. gegn 10, einn þingmaður greiddi eigi atkvæði, og tveir voru fjarverandi. Af atkvæðagreiðslunni má sjá það, að þeir þingmenn, sem feldu frumvarpið, hafa gert það af mismunandi ástæðum, eftir því sem ræður þeirra votta, og sumir þeirra einmitt vegna þeirra breytinga, er frumvarpið varð fyrir í neðri deild.

Með því að stjórnin verður að lita svo á, sem lög um sparisjóði lík að efni, og fyrgreint stjórnarfrumvarp var, sjeu bráðnaudsýnleg, eins og líka alþingi 1913 viðurkendi, telur hún rjett að leggja frumvarpið fyrir á ný með þeim breytingum alþingis, er hún telur aðgengilegar.

Verulegustu breytingar alþingis eru þessar:

1. Í 9. gr. er að visu haldið þeirri aðalreglu, að eigi megi greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann, nema 2 af starfsmönnum hans eða stjórnendum sjeu viðstaddir, en með þeirri viðbót, að fjehirðir megi einn veita móttöku greiðslum í sjóðinn en kvittun hans sje þó eigi skuldbindandi fyrir sjóðinn, nema hún sje meðundirrituð af bókara, og sómuleiðis geti fjehirðir greitt fje úr sjóðnum gegn ávisun formanns, þó að aðrir starfsmenn sjeu eigi viðstaddir. Jafnvel þótt þessi breyting vart verði talin til bóta, þar sem hún leggur það ómak á viðskiftamann sjóðsins, er vill greiða fje í sjóðinn, að útvega sjerstaklega undirskrift bókara, og gera sjer ef til vill langa ferð til þess, þá hefir stjórninni þó þótt rjett að halda þessu ákvæði sem báðar deildir samþykktu.
2. Um sjálfskuldarábyrgðarlán og víxillán voru þau ákvæði í 13. gr. stjórnarfrumvarpsins, að samanlögð upphæð hinna fyrnefndu lána mættu aldrei nema meiru en þriðjungi af sparisjóðsinnstæðufjenu öllu; og um hin siðarnefndu var svo ákveðið, að þau mætti því að eins veita, væru þau eigi trygð með veði, að samanlögð upphæð víxlanna fari aldrei fram úr tíunda hluta af allri sparisjóðsinnstæðunni.

Þessu ákvæði var breytt eins og fyr er getið á þá leið, að samanlögð upphæð víxillána og sjálfskuldarábyrgðarlána, sem trygð eru eingöngu með ábyrgð einstakra manna, megi ekki nema meiru en helmingi af spari-



sjóðsinnstæðufjenu öllu, að viðbættu greiddu hlutfje. Jafnvel þótt stjórnin telji rjettast að takmarka sjálfskuldarábyrgðarlán úr sparisjóðum sem mest, eða jafnvel afnema þau með öllu, og verði að álíta það viðurhlutamikið að sparisjóðir út um land fáist mjög mikið við vixlakaup, þá hefir henni þó virst rjett, að halda þessu ákvæði, sem alþingi sýndist að vera allfast í hendi að stæði. Um leið skal það tekið fram, að í neðri deild kom fram tillaga um að fella burtu ákvæðið um, að sjálfskuldarábyrgðarlán mættu aldrei eldri verða en 10 ára (sjá 39. brtill. á þskj. 613, Alp.tið. 1913 A bls. 1206), en sú tillaga var feld (sjá Alp.tið. 1913 C bls 2035), en samt sem áður hefir ákvæðið fallið burtu úr frumvarpinu við prentun þess eftir 2. umræðu í neðri deild (þskj. 680). Þetta ákvæði hefir verið tekið upp aftur með því að það að áliti stjórnarinnar verður að teljast heppilegt.

3. Eftir 17. gr. frumvarpsins ætlaðist stjórnin til, að jafnan væri til handbært fje í sparisjóði svo mikið, að næmi 10% af sparisjóðsfjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, en þessu hefir á þinginu verið breytt í 5%. Getur stjórnin gengið að því, með því eftirliti, er hún ætlast til að haft sje með sparisjóðum.

4. Stjórnin ætlaðist til, að eftirlitinu með sparisjóðunum, sem er aðalkjarninn í frumvarpinu, yrði þannig hagað, að einn umsjónarmaður hefði eftirlit með öllum sparisjóðum landsins. En þessu var breytt þannig í neðri deild sem fyr segir, að stjórnarráðið skyldi skipa sjerstakan gæslumann við hvern sparisjóð gegn borgun úr hlutaðeigandi sparisjóði. Um þetta atriði var aðallega deilt á alþingi, og að því hnigu umræðurnar mest. Sem ástæður fyrir því, að hafa gæslumann við hvern sparisjóð um sig, í stað eins almenns umsjónarmanns, var tilfært, að eftirlitið á þann hátt yrði *óðýrara* en ella, og þó engu *ótryggara*, því að almennan gæslumann brysti eðlilega kunnugleik og þekkingu, að því er snertir veðgildi fasteigna eða efnahag og skilvísí skuldunauta og ábyrgðarmanna viðsvegar um landið. Auk þess væri það fyrirkomulag óhaganlegt að því leyti, að gæslustörfín, framkvæmd af einum manni, yrðu gerð á hlaupum með minni vandvirkni en vera ætti.

Ef menn hafa það hugfast, að það er aðaltilgangur sparisjóða að geyma fje manna og ávaxta það — það virðist sem sumum þingmönnum hafi eigi verið þetta vel ljóst — þá er það auðsælt, að það er skylda hins opinbera, að sjá um það, að stjórn sparisjóðanna sje svo hagað, að full trygging sje fyrir því, að innieign manna sje ekki hætta búin, af ógætilegri eða jafnvel vitaverðri meðferð á henni. Því hefir að visu verið haldið fram, að hingað til hafi ekki borið á því, að fje sparisjóðanna hafi tapast, en, þó satt væri, er það engin sönnun fyrir því, að fje sparisjóðanna sje trygt. Meðan sjálfskuldarábyrgðarlánin — og þau eru lang tíðust — eru enn látin standa óhöggud árum og áratugum saman, eða takmarkalaust framlengd, er ekki við því að búast, að tap komi í ljós, eða meðan vixlar, þar sem þeir tíðkast, eru jafnan endurnýjaðir, með lítilli eða alls engri afborgun; en yrði farið að draga þessi lán inn, þó með allri gætni væri, þá mundi það sannast, að margur sparisjóðurinn mundi fá skell. Að öðru

leyti er það kunnugt, að stjórn sumra sparisjóða hefir alls eigi verið sem best, úr einum sjóði hefir t. a. m. verið lánuð út talsverð upphæð gegn veði í lausafje þvert á móti lögum sparisjóðsins, og veðbrjefinu var ekki einu sinni þinglýst. Um annan sjóð er það kunnugt, að hann hefir staðið inni í verslun einni, og svo getur verið um fleiri. Enn er það kunnugt, að til eru þeir sparisjóðir, sem ekki geta greitt út innstæðufje, sem hefir verið löglega sagt upp, og verður það ekki talin heppileg eða góð stjórn.

Að nægileg trygging fyrir góðri stjórn sjóðanna fáist með því, að skipa einn gæslumann í námunda við sjóðinn, verður engan veginn sjed. Nú sem stendur eru, að minsta kosti að nafninu til, einn eða jafnvel tveir endurskoðendur við hvern sparisjóð. Ætti það í rauninni að vera næg trygging, ef vissi væri fyrir því jafnan, að þessir menn væru starfinu vaxnir, en það þurfa þeir ekki að vera, enda oft hætt við, að menn sem heima eiga í námunda við sjóðinn, sjeu eitthvað við hann riðnir, sem skuldu-nautar eða ábyrgðarmenn. Þessir menn hafa því ekki mikla tilhneigingu til að beita strangleika, og það enn síður ef þeir eru auk þess eitthvað venslaðir eða bundnir á annan hátt við stjórnendur sparisjóðsins, sem oft vill til. En allt þetta sama gildir um gæslumanninn á staðnum. Geti endurskoðunarmenn ekki gert skyldu sína, eru engin líkindi til, að gæslumaður á staðnum geti gert það betur.

Að einn gæslumaður yrði dýrari en margir, er alveg ósannað, en þó svo væri, þá er hjer annars vegar aðeins um tiltölulega litla upphæð að ræða, en hins vegar um stórmikið nauðsynjamál, er varðar alla alþýðu manna, mál sem er skilyrði fyrir því, að þeir geti komið þeim peningum, er þeir kunna að spara saman, á alveg óhultan stað.

Stjórnarráðið verður því að halda fast við þá skoðun sína, að nægileg trygging fáist því að eins, að einn almennur umsjónarmaður sje skipaður; með því móti mætti fá mann, sem full vissa er um, að sje starfinu vaxinn. sem mundi verða alveg óhlutdrægur, og gæti komið á fullu samræmi í stjórn og rekstri sjóðanna. Sú mótbára, að hann mundi sökum staðarlegs ókunnugleika ekki geta dæmt um verðmæti eigna eða gæði trygginganna, mundi aðeins gilda fyrst í stað, væri hún sönn, sem ekki þarf að vera. Að minsta kosti verða bankarnir í Reykjavík að dæma um slíkt án þess komið hafi að klandri, svo kunnugt sje.

Stjórnarráðið hefir því tekið upp þessi ákvæði óbreytt, einnig þau er lúta að launum umsjónarmanns. Að visu fanst það á mörgum þingmönnum, að þeim þótti gengið nærri sparisjóðunum með 24. gr. stjórnarfrumvarpsins, að þeir skyldu greiða í landssjóð 1‰ af sparisjóðsinnstæðufjenu miðað við síðustu áramót, í notum þess að landssjóður greiddi laun og ferðakostnað umsjónarmanns. En hjer er ekki um þungan skatt að ræða; eftir síðustu prentuðu skýrslu um sparisjóði, var sparisjóðsinnstæða í árslok 1910 1,198,501 króna, og yrði þá skatturinn tæpar 1200 krónur, eða eins og laun umsjónarmanns eru áætluð. Skatturinn mundi eigi koma þungt niður á einstaka sparisjóði. Mest yrði sparisjóður Eyrarbakka að greiða, 428 krónur, þar næst sparisjóður Sauðárkróks, 105 krónur. Hinir allir fyrir innan 100 krónur.

5. Loks hefir tveimur nýjum greinum verið bætt inn á alþingi; eftir 27. gr. á sparisjóðsinnstæða ásamt vöxtum að vera undanþegin kyrsetning og lög-haldi, og eftir 28. gr. eiga sparisjóðir þeir, sem engan arð greiða stofnendum, hluthöfum eða ábyrgðarmönnum að vera undanþegnir tekjuskatti og útsvari. Þetta hvorttveggja getur stjórnin fallist á.

Samkvæmt þessu er frumvarpið lagt fyrir eins og það var orðið á alþingi 1913, er það var felt, með þeirri breytingu, að ákvæðunum um einn umsjónarmann og hvernig honum skuli launað er haldið eins og þau voru í hinu upphaflega frumvarpi stjórnarinnar 1913.

---